

Verklagsreglur

um
samstarf utanríkisráðuneytisins og
Þróunarsamvinnustofnunar Íslands
við
frjáls félagasamtök sem starfa að
þróunarsamvinnu, mannúðarstörfum
og neyðaraðstoð á alþjóðavettvangi

2012



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



iceida

ICELANDIC INTERNATIONAL DEVELOPMENT AGENCY
PRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands	3
3	Almennar reglur um samstarf við frjáls félagasamtök	4
3.1	Skilyrði sem félagasamtök þurfa að uppfylla.	4
4	Umsóknir og fylgiskjöl vegna þróunarsamvinnuverkefna og mannúðaraðstoðar.....	4
4.1	Skil á umsóknum og meðferð umsókna	5
5	Úthlutunarreglur þróunarsamvinnu- og mannúðarverkefna.....	5
5.1	Þróunarsamvinnuverkefni.....	5
5.2	Mannúðaraðstoð	6
5.3	Leiðbeiningar vegna reikningsskila og umsýslukostnaðar	7
5.4	Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf	7
6	Úthlutunarreglur vegna skyndilegra hamfara og neyðartilfella	7
6.1	Meðferð umsókna vegna skyndilegrar neyðar.....	8
6.2	Leiðbeiningar vegna reikningsskila og umsýslukostnaðar	8
6.3	Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf	8
	Viðauki nr. 1 Umsókn	10
	Viðauki nr. 2 Verkefnislýsing, almennar leiðbeiningar	14
	Viðauki nr. 3 Samningur	19
	Viðauki nr. 4 Framvindu- og lokaskýrslur	22
	Viðauki nr. 5 Leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar um umsýslu fjármuna	23



1 Inngangur

Tilgangur verklagsreglnanna er að gera grein fyrir faglegum og stjórnunarlegum skilyrðum sem frjáls félagasamtök þurfa að uppfylla þegar þau sækja um styrki til UTN/ÞSSÍ¹ og þeim vinnureglum sem fylgt verður við afgreiðslu þeirra. Reglurnar fjalla meðal annars um ábyrgð, skyldur og eftirlit. Horft er til gæða og árangurs verkefna og er skilvirkni ásamt vönduðum, faglegum vinnubrögðum talin lykilatridi við ákvarðanatöku um framlög. Markmiðið er að stuðla að árangursríkri samvinnu við frjáls félagasamtök þar sem leikreglur eru skýrar og gagnsæjar.

Í reglunum er að finna skilgreiningar á þróunarsamvinnu, mannúðar- og neyðaraðstoð, viðmið sem notuð eru við mat á umsóknum auk skilyrða sem frjáls félagasamtök verða að uppfylla til að geta sótt um styrki. Í viðaukum er að finna umsóknareyðublað, sniðmát verkefnisskjals og sammings auk leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um umsýslu fjármuna.

Styrkir vegna samstarfs um þróunarsamvinnuverkefni og mannúðaraðstoðar koma af fjárlagalið 03-390-133 og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna í kafla 5. Fjárlagaliður 03-391-130 *mannúðarmál og neyðaraðstoð* er eftir sem áður ætlaður fyrir stuðning vegna skyndilegrar neyðar við verkefni alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka. Leiðbeiningar vegna slíkra verkefna eru í kafla 6.

Leiðbeiningarnar sæta endurskoðun í takt við breyttar áherslur.

2 Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Árið 2011 samþykkti Alþingi þróunarsamvinnuáætlun sem gildir til ársins 2014. Í henni er lögð rík áhersla á samstarf við félagasamtök en jafnframt horft til þess að samstarf þeirra samrýmist áherslum Íslands í þróunarmálum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að styðja við fátækustu ríki heims og þá sem minnst mega sín í ríkjum þar sem gæðum er misskipt. Einnig er horft til stuðnings við starf í þágu friðar og endurreisnar stríðshrjáðra samfélaga. Sjónum er beint að ríkjum sem búa við veika stjórnsýslu og veikt lýðræði. Oft er um að ræða svo kölluð þrotríki þar sem vopnuð átök geisa eða hætta er á að ófriður brjótist út.

Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) gefur árlega út lista yfir lönd og svæði sem flokkast sem þróunarlönd² og er hann lagður til grundvallar við veitingu opinberra framlaga til þróunarsamvinnu Íslands. Neyðar- og mannúðaraðstoð í þróunarlöndum eru hluti af þróunarsamvinnu Íslands.

¹ UTN: Utanríkisráðuneytið, ÞSSÍ: Þróunarsamvinnustofnun Íslands

² <http://www.oecd.org/dac/aidstatistics/daclistofodarecipients.htm>



3 Almennar reglur um samstarf við frjáls félagasamtök

Reglur þessar gilda um þróunarsamvinnu mannúðar- og neyðaraðstoð við þau ríki er teljast þróunarlönd samkvæmt áður nefndum lista OECD-DAC³. Veita má aðstoð til annarra ríkja í undantekningartilfellum, en slík framlög teljast **ekki** framlög til þróunarsamvinnu.

3.1 Skilyrði sem félagasamtök þurfa að uppfylla.

UTN/ÞSSÍ starfa með frjálsum félagasamtökum í þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoð og neyðaraðstoð ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Séu löglega skráð á Íslandi, ekki rekin í hagnaðarskyni og hafi starfað minnst í tvö ár.
- Félagsmenn eða styrktaraðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafi sett sér lög, hafi stjórn og stjórnarformann.
- Hafi lagt fram ársreikninga með undirskrift löggilts endurskoðanda undangengin tvö ár.
- Hafi reynslu af störfum í þróunarríkjum eða starfi náð með samtökum, alþjóðlegum eða innlendum, sem búi yfir slíkri reynslu.
- Að félagasamtökin hafi lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu á vettvangi.

4 Umsóknir og fylgiskjöl vegna þróunarsamvinnuverkefna og mannúðaraðstoðar

Einungis er tekið við umsóknum sem skilað er inn á þar til gerðum eyðublöðum (sjá viðauka nr. 1). Skila þarf eftirtöldum gögnum:

1. Útfylltu umsóknareyðublaði
2. Upplýsingum um umsækjanda (félagasamtök) og samstarfsaðila
3. Greinargóðri lýsingu á því verkefni sem sótt er um styrk til. (sjá viðauka nr. 2)
 - 3.1. Tímaramma
 - 3.2. Fjárhagsáætlun
 - 3.3. Rökrámatöflu (logical framework) þar sem því verður við komið
4. Greinargerð um starfshætti og verklag samtakanna í verkefninu þar á meðal upplýsingar um verkefnaundirbúning, framkvæmd og eftirlit.

Jafnframt þarf að skila:

- A. Nafnalista yfir skipan stjórnar samtakanna.
- B. Upplýsingum um löglega skráningu samtakanna.
- C. Afriti af lögum samtakanna.
- D. Yfirliti um verkefni og áherslur samtakanna, í hvaða löndum þau starfa og umfang starfseminnar.
- E. Ársskýrslu síðasta starfsárs.
- F. Ársreikningi síðasta starfsárs með samþykki löggilts endurskoðanda.

Gögn A til D ber að leggja fram eða vísa í vefkrækjur samhliða fyrstu umsókn og ávallt þegar breytingar verða á umræddum atriðum. Gögn E og F ber að leggja fram með hverri umsókn, þó ekki oft en árlega. Umsóknir skulu berast bæði í frumriti og á tölvutæku formi. Umsóknir skulu vera á íslensku. Önnur fylgiskjöl mega vera á ensku.

³ <http://www.oecd.org/dac/aidstatistics/daclistofodarecipients.htm>
DAC: Development Assistance Committee.



Sækja má um styrk til verkefna sem unnin eru í eigin nafni, verkefna sem vinnast í samstarfi við samtök í samstarfslandinu og til verkefna sem unnin eru á vegum alþjóðlegra samtaka⁴. Styrkþegi skal ef kostur er taka virkan þátt í verkefninu ef þriðji aðili innir þau af hendi. Slík hlutdeild getur falist í undirbúningi, eftirliti, úttekt eða útsendu starfslíði. Styrkveitendur áskilja sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum ef þörf krefur.

4.1 Skil á umsóknum og meðferð umsókna

Tekið er á móti umsóknum tvisvar á ári. Umsóknum skal skila inn til utanríkisráðuneytisins á til þess gerðu eyðublaði fyrir 15. mars og/eða 15. september ár hvert. Miðað er við að umsóknum sé svarað skriflega **innan sex vikna**. Ef styrkveiting er bundin skilyrðum skulu þau tilgreind í svarinu. Listi yfir styrkþega verður jafnframt birtur á heimasíðum UTN og ÞSSÍ.

Umsóknir eru metnar á faglegum forsendum og eru viðmið þessara verklagsreglna þar lögð til grundvallar. Litið er til atvika eins og gildis verkefnis, færni og aðstöðu umsækjenda og samstarfsaðila þeirra til að framkvæma verkefnið og hverjar líkur eru á árangri. Við forgangsröðun er tekið tillit til áherslna í Þróunarsamvinnuáætlun.

Jákvæð afstaða til styrkumsóknar getur verið bundin skilyrðum s.s. um endurskoðun á fjárhagsáætlun eða lagfæringu á verkefnisskjali.

Fulltrúar þróunarsamvinnusviðs UTN og ÞSSÍ meta umsóknir ásamt sérfræðingi sem mannúðarsamtök á Íslandi tilnefna. Stýrihópur um þróunarsamvinnu fjallar um styrkveitingar á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerða, gildandi leiðbeininga og í samræmi við fjármuni til ráðstöfunar.

5 Úthlutunarreglur þróunarsamvinnu- og mannúðarverkefna

Styrkveiting getur aldrei orðið hærri en 70 prósent af heildarkostnaði verkefnis (þ.m.t. umsýslukostnaður verkefnis) og verður mótframlag félagasamtaka að vera minnst 30 prósent sem þýðir til dæmis að sé áætlaður kostnaður ein milljón króna þurfa 300 þúsund að koma frá samtökunum.

5.1 Þróunarsamvinnuverkefni

Verkefni skal vera skýrt og afmarkað með markmiðum sem hægt er að ná á tilsettum tíma með því fé sem tilgreint er í fjárhagsáætlun. Þekkingaruppbygging⁵ skal ætíð vera innbyggð í verkefni. Standa skal vörð um réttindi og hagsmuni beggja kynja, þar á meðal hópa sem standa höllum fæti. Verkefni skal vinna í sátt við umhverfið og gæta skal þess að ekki sé gengið á auðlindir með ósjálfbærum hætti.

Þróunarsamvinna er fólgin í því að veita fólki í fátækum löndum fjárhagslega, félagslega og tæknilega aðstoð með það að meginmarkmiði að ýta undir efnahags- og félagslega uppbyggingu til lengri tíma.

Við mat á umsóknum er byggt á eftirfarandi viðmiðum:

- Aðstoðin sé óhlutdræg, byggist á þörfum skjólstaðinganna og mismuni þeim ekki á grundvelli kynþáttar, þjóðarbrotts, trúar, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis eða stjórnmalaskoðana.
- Samræmi við forgangsverkefni/áherslur íslenskra stjórnvalda.
- Samræmi við stefnu stjórnvalda í viðtökuríkinu.

⁴ Sjá OECD-DAC skilgreiningar yfir samtök og stofnanir
<http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/throunarsvid/samstarf/>

⁵ E. local capacity building



- Gæðum verkefnis (markmiðum, afraksturs, aðgerða, tímaramma, stjórnunar, kostnaðar).
- Getu umsækjanda til að virkja samstöðu og tryggja mótframlag til verkefna í þróunarríkjum.
- Virðisauka vegna íslenska samstarfsaðilans (hvort hlutverk hans sé eingöngu milliganga eða hvort hann hafi eitthvað fram að færa til samstarfsins – til dæmis þekkingu)
- Þætti samstarfsaðila og markhópsins í undirbúningi og framkvæmd.
- Umhverfisáhrifum.
- Tillits til jafnréttissjónarmiða.
- Getu umsækjanda til að stýra verkefninu og fyrirkomulagi fjármála umsýslu, sem og reynslu frá fyrri samstarfsverkefnum.
- Styrktarféð sé ekki notað til að stunda trúboð.
- Styrktarféð sé ekki notað í þágu stjórnmalaflokka.
- Að viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við eftirlit og úttektir sé fylgt (sbr. Viðauka nr. 5: Leiðbeiningar ríkisendurskoðunar um umsýslu fjármuna).

5.2 Mannúðaraðstoð

Mannúðaraðstoð er veitt þegar neyð hefur skapast eða er yfirvofandi vegna langvarandi ófremdarástands hvort heldur er af völdum manna eða náttúru. (Um stuðning vegna skyndilegrar neyðar sjá kafla 6).

Við mat á umsóknum er byggt á eftirfarandi viðmiðum:

- Aðstoðin sé veitt til að lina mannlegar þjáningar og ná til nauðstaddra.
- Þekking heimamanna sé nýtt þar sem þess er kostur.
- Aðstoðin sé óhlutdræg, byggist á þörfum skjólstaðinganna og mismuni þeim ekki á grundvelli kynþáttar, þjóðarbrotis, trúar, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis eða stjórnmalaskoðana.
- Samráð sé haft á vettvangi, m.a. við heimamenn og aðra gjafa til að koma í veg fyrir skörun við verkefni annarra.
- Þekkingu og reynslu samtakanna til að framkvæma verkefnið.
- Samþykki stjórnvalda í viðkomandi landi eða landsvæði, þar sem því verður við komið.
- Neyðaraðstoð annarra í viðkomandi landi.
- Stuðningsákalli OCHA (Samræmingarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna).
- Árlegri beiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins.
- Gæðum verkefnis (markmiðum, afrakstri, aðgerðum, tímaramma, stjórnun, kostnaði).
- Samstarfi við stofnanir, samtök og heimamenn.
- Viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við eftirlit og úttektir sé fylgt.

Mannúðaraðstoð miðar að því að bjarga mannlífum, lina þjáningar nauðstaddra og viðhalda mannlegri reisn á neyðarsvæðum, hvort heldur neyðin er af völdum manna eða náttúruafla. Aðgerðir miða að vernd borgara, endurreisn samfélags og veitingu fæðu, vatns, skjóls, hreinlætisaðstöðu og heilsugæslu. Mannúðaraðstoð stuðlar að uppbyggingu varna og viðbúnaðar vegna stórslysa, náttúruhamfara og stríðs. Þegar aðstæður bjóða er flóttafólki gert kleift að snúa aftur til fyrri heimkynna.



- Styrktarféð sé ekki notað til að stunda trúboð.

Leiðbeinandi lista yfir lönd og svæði sem sérstaklega verður horft til vegna viðvarandi neyðarástands er að finna á heimasíðu [OECD - DAC](#).

5.3 Leiðbeiningar vegna reikningsskila og umsýslukostnaðar

Árituðum reikningum skal skilað til utanríkisráðuneytisins, þar sem fram koma tekjur og útgjöld verkefnisins (sbr. 5.4). Ábyrgðarmaður styrkþega skulu votta undirritaða reikninga og skrifa bréf því til staðfestingar. Þegar upphæð styrks fer yfir 15 milljónir króna ber að láta löggilta endurskoðendur samþykka reikninga eins og reglur ríkisendurskoðunar kveða á um. Félög sem sækja um styrk í fyrsta sinn geta ekki vænst hærri stuðnings en sem nemur 15 milljónum króna.

Félög sem vinna verkefni í þróunarlöndunum, sjálf eða í nánu samstarfi við heimamenn, mega nýta allt að 10 prósentum af framlagi til að mæta umsýslukostnaði og geta fært hann sem óbeinan kostnað. Þó mega þau einungis nýta allt að þremur prósentum í umsýslukostnað ef verkefni eru undir yfirstjórn alþjóðasamtaka og krefjast lítillar umsýslu íslenska félagsins.

5.4 Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf

Gerðir eru skriflegir samningar um öll verkefni. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna, skýrsluskil, úttektir, aðgang að upplýsingum og uppsagnarákvæði (sjá viðauka 3). Skila skal skýrslu til utanríkisráðuneytis að öðru jöfnu eigi síðar en sex mánuðum eftir verklok.

Sé um að ræða verkefni sem tekur lengri tíma en eitt ár skal skila árlegri skýrslu þar sem grein er gerð fyrir framvindu verkefnisins. Greina skal tafarlaust frá aðstæðum sem torvela framkvæmdir. Í lokaskýrslu (sjá viðauka 4), sem berast skal utanríkisráðuneytinu innan sex mánaða frá verklokum skal lýsa hvernig markmið náðust.

Utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að fjalla ekki um umsóknir frá styrkþegum sem ekki hafa gert fullnægjandi skil vegna fyrri styrks.

6 Úthlutunarreglur vegna skyndilegra hamfara og neyðartilfella

Styrkveiting getur aldrei orðið hærri en 90 prósent af kostnaði verkefnis og verður móttframlag félagasamtaka að vera minnst 10 prósent.

Við mat á umsóknum er byggt á eftirfarandi viðmiðum:

- Aðstoðin sé óhlutdræg, byggist á þörfum skjólstæðinganna og mismuni þeim ekki á grundvelli kynþáttar, þjóðarbrotis, trúar, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis eða stjórnsmálaskoðana.
- Neyðarkalli (*Emergency Appeal*) frá Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC) og Alþjóðasambandi Rauða kross félaga (IFRC).

Dæmi um kostnaðarskiptingu vegna skyndilegrar neyðar og til verkefna undir yfirstjórn alþjóðasamtaka:

Verkefni	kr. 9.000
Umsýslukostnaður 3%	kr. 180
Heildarkostnaður	kr. 9.180
Sótt um 90% af kr. 9.180	kr. 8.262
Eigið framlag 10%	kr. 918



- Hvort viðkomandi ríki hafi farið fram á aðstoð annarra ríkja og/eða alþjóðastofnana.
- Getu heimamanna til að bregðast við neyðinni.
- Yfirlýstri aðstoð annarra ríkja vegna aðsteðjandi neyðar.
- Þekkingu og reynslu samtakanna til að stýra aðgerðum við ríkjandi aðstæður.
- Samþykki stjórnvalda í viðkomandi landi eða landsvæði, þar sem því verður við komið.
- Samstarfi við stofnanir, samtök og heimamenn.
- Viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við eftirlit og úttektir sé fylgt.
- Styrktarféð sé ekki notað til að stunda trúboð.
- Styrktarféð sé ekki notað í þágu stjórnmálaflokka.

6.1 Meðferð umsókna vegna skyndilegrar neyðar.

Þegar skyndileg neyð eða hamfarir eiga sér stað og beiðnir frá félagasamtökum um fjárframlög berast UTN, fer þróunarsamvinnusvið yfir beiðnirnar og gerir tillögu til utanríkisráðherra um viðbrögð stjórnvalda. Ákveði utanríkisráðherra -og ríkisstjórn sé þess þörf, að veita styrki til félagasamtaka eru samtökunum sendar upplýsingar um:

- Áætlaða aðstoð stjórnvalda.
- Hlut félagasamtaka í heildarframlagi, þ.e.a.s. fjárhæð sem þeim er falið að ráðstafa.
- Umsóknarfrest félagasamtaka í tengslum við fyrirhugaða aðstoð.

Umsóknir félagasamtaka skulu metnar svo fljótt sem auðið er. Umsóknum þarf að skila til utanríkisráðuneytisins á til þess gerðu eyðublaði (sjá viðauka 1).

6.2 Leiðbeiningar vegna reikningsskila og umsýslukostnaðar

Árituðum reikningum, þar sem fram koma tekjur og útgjöld verkefnisins, skal skilað til utanríkisráðuneytisins. Ábyrgðarmaður samtakanna skal votta undirritaða reikninga. Þegar upphæð styrks fer yfir 15 milljónir króna ber að láta löggilta endurskoðendur samþykkja reikninga eins og reglur ríkisendurskoðunar kveða á um.

Aðilar sem sækja um styrk í fyrsta sinn geta ekki vænst hærri stuðnings en sem nemur 15 milljónum króna.

Félög sem vinna verkefni í þróunarlöndunum, sjálf eða í nánu samstarfi við heimamenn, mega nýta allt að **10 prósentum** af framlagi til að mæta umsýslukostnaði og geta fært hann sem óbeinan kostnað. Þó mega þau einungis nýta allt að **þremur prósentum** í umsýslukostnað ef verkefni eru undir yfirstjórn alþjóðasamtaka og krefjast lítillar umsýslu íslenska félagsins.

6.3 Framkvæmd, eftirlit og skýrslugjöf

Gerðir eru skriflegir samningar um öll verkefni. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna, skýrsluskil, úttektir, aðgang að upplýsingum og uppsagnarákvæði (sjá viðauka 3). Séu framlög til félagasamtaka falin í kostun á störfum alþjóðahreyfinga þeirra á neyðarsvæðum skulu framvinduskýrslur og lokaskýrslur hlutaðeigandi samtaka sendar utanríkisráðuneytinu þegar þær liggja fyrir. Endurskoðaðir reikningar fyrir viðkomandi neyðarstarf skulu einnig sendir ráðuneytinu eða í samræmi við samning.



Sé um framlög til íslenskra félagasamtaka að ræða skal kveðið á um skýrslugjöf og úttektir í samstarfssamningi. Ekki er útilokað að styrkir renni beint til alþjóðastofnana eða félagasamtaka.



Viðauki nr. 1 Umsókn

Listi yfir fylgigögn – vinsamlega hakið við innsend atriði:

- Útfyllt umsóknareyðublað
- Upplýsingar um umsækjanda
- Upplýsingar um samstarfsaðila
- Verkefnislýsing:
 - Tímarammi
 - Fjárhagsáætlun
 - Rökrammatafla
- Greinargerð um starfshætti og verklag samtakanna við verkefnið þar á meðal upplýsingar um verkefnaundirbúning, framkvæmd og eftirlit.
- Yfirlit um verkefni og áherslur samtakanna, í hvaða löndum þau starfa og umfang starfseminnar.

Með hverri umsókn en þó ekki oftár en árlega:

- Ársskýrsla síðasta starfsárs.
- Ársreikningur síðasta starfsárs með samþykki löggilts endurskoðanda.

Samhliða fyrstu umsókn og ávallt þegar breytingar verða á umræddum atriðum:

- Nafnalisti yfir skipan stjórnar samtakanna.
- Upplýsingar um löglega skráningu samtakanna.
- Afrit af stofnsamþykkt samtakanna.

**Umsókn um styrk til þróunarsamvinnu- og mannúðarverkefna**

Umsækjandi:		Kennitala:	
Verkefnisheiti á íslensku			
Verkefnisheiti á ensku			
Samstarfsland – hérað:			
Samstarfsaðili á vettvangi:			
Lengd verkefnis	Frá(mán/ár):	Til(mán/ár):	
Ágrip af verkefnislýsingu (nánar útfærð í viðauka 2)			
A. Markmið			
B. Markhópur			
C. Væntanlegur afrakstur/árangur			
Heildarkostnaður verkefnis (áætlun)	Fjárhæð styrk-umsóknar	Framlag umsækjanda	Framlag þriðja aðila (ef eitthvert)

Auðkennið *einn* geira sem helst nýtur góðs af verkefninu⁶

110 Menntamál		410 Umhverfismál	
120 Heilbrigðismál		420 Jafnréttismál	
140 Vatns- og hreinlætismál		720 Neyðaraðstoð	
152 Friðaruppbygging		730 Mannúðarstörf, uppbygging og liðveisla	
310 Fiskimál			
Með hvaða hætti er tekið tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða í verkefninu?			
Tilvísun í stefnu viðkomandi stjórnvalda eða alþjóðlegt neyðarkall			

⁶ Sjá OECD-DAC lista yfir skilgreiningar á málaflokkum
<http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/throuarsvid/samstarf/>



Lýsing á umsækjanda, þ.á.m. kunnáttu og reynslu við framkvæmd sambærilegra verkefna (hámark 500 slög). (Afrit af stofnsamþykkt og skráningu skulu fylgja með fyrstu umsókn).

Lýsing á samstarfsaðila á vettvangi, þ.á. m. kunnáttu og reynslu í framkvæmd sambærilegra verkefna (hámark 500 slög). (Afrit af stofnsamþykkt og skráningu skulu fylgja með fyrstu umsókn)

Lýsing á samstarfi og samskiptum umsækjanda og samstarfsaðila ásamt aðferðum og áætlunum samstarfsins (hámark 500 slög).

Þegar um neyðaraðstoð er að ræða skal einnig svara eftirfarandi spurningum:

Lýsing á umfangi viðkomandi neyðartilfellis (hámark 500 slög).

Upplýsingar um samspil við aðra aðila á vettvangi.

Umsækjandi staðfestir að ofangreindar upplýsingar eru réttar og fullfrágengnar.

Staður og dagsetning:

Undirskrift



Viðhengi (hagnýtar upplýsingar um umsækjendur, verkefnislýsing, tímaáætlun, fjárhagsáætlun,).

A) Umsækjandi	B) Samstarfsaðili
Nafn	Nafn
Kennitala	
Rekstrarform, stofnár	Rekstrarform, stofnár
Heimilisfang	Heimilisfang
Sími, tölvupóstfang	Sími, tölvupóstfang
Banki: Reikningsnúmer: Reikningseigandi: Kennitala:	
Ábyrgðarmaður félagsamtaka (Titill)	Ábyrgðarmaður samstarfsaðila (Titill)
Verkefnisfulltrúi/tengill	Verkefnisfulltrúi/tengill



Viðauki nr. 2 Verkefnislýsing, almennar leiðbeiningar

Eftirfarandi atriði eiga að koma fram:

A) Verkefnislýsing:

1. Bakgrunnur.

Lýsing á staðháttum – landfræðileg (kort), ásamt umfjöllun um stjórnámál og félagslega þætti.

Samhengi verkefnisins við stefnu stjórnvalda í málalokknum, ástand í viðkomandi héraði eða sérstök forgangsmál; hvaða breytingum í þjóðfélaginu eða héraðinu er verkefninu ætlað að koma af stað (þróunarmarkmið)?

Tilvísanir í sambærileg verkefni (ef einhver eru) og reynslu, sem tekið er mið af við skipulag verkefnisins.

Hvert er framlag íslensku félagasamtakanna til verkefnisins umfram bein fjárframlög.

2. Markhópur.

Lýsið markhópnum og hvers vegna þetta verkefni er mikilvægt fyrir hann. Hvaða aðrir hópar eða stofnanir gætu haft áhrif á framkvæmd verkefnisins eða notið þess.

3. Vandamál sem takast á við.

Hver eru vandamál markhópsins? Hverjar eru orsakirnar / Hverjar eru afleiðingarnar? (ábending: nefnið 3 til 4 megin vandamál)

4. Verkefnisáætlun.

- **Þróunarmarkmið (e. development objective, goal).** Almenn markmið sem verkefnið gæti stuðlað að. Markmiðinu er ætlað að bæta hag markhópsins og stuðla að jákvæðum breytingum í málaflokknum.
- **Verkefnismarkmið (e. main objective, purpose).** Markvisst, raunhæft tímasett markmið sem ná má með þessu verkefni.
- **Afrakstur og mælistikur (e. results/outputs and indicators).**
 - i. Hver á að vera afrakstur og afurðir (e. outcome and outputs) verkefnisins. Hvað þarf að gera eða hvað þarf að hafa gerst til þess að meginmarkmiðinu sé náð?
 - ii. Skilgreinið mælistikurnar sem sýna árangurinn og hvernig er mælt (mælistikur eiga að vera “SMART” – sértækar, mælanlegar, aðgengilegar, raunhæfar og tímasettar, e. specific, measurable, achievable, realistic and timebound).
- **Aðgerðir (e. activities).**
 - i. Hvernig á að ná meginmarkmiðinu – hvaða aðgerðir þarf að framkvæma. (nákvæm lýsing og tilgreint á hvers ábyrgð. Venjulega þarf að framkvæma fleiri en eina aðgerð til að ná árangrinum.



5. Gæðakröfur.

Hver eru langtíma áhrif verkefnisins t.d. á verðmætasköpun á staðnum, þjóðfélags uppbyggingu og umhverfið.

Lýsið brotthvarfsáætlun (e. exit strategy).

Hvað er gert til að tryggja aukna getu heimamanna, að verkefninu loknu.

Hvaða aðrir þættir verkefnisins auka sjálfbæri þess.⁷

6. Verkefnisstjórn.

Lýsið stjórn verkefnisins í formi skipurits og lýsinga á helstu stjórnarferlum.

Mælst er til þess að kynjahlutfall sé sem jafnast í stjórnnum og/eða nefndum.

Enn fremur er mælst til þess að verkefnið noti innlendar fjármála- og innkaupa-stofnanir/reglur í viðtökulandi, í samræmi við Parísar yfirlýsinguna um árangur í þróunarsamvinnu.

7. Eftirlit og úttektir.

Hvaða aðgerðir eru ráðgerðar til að tryggja gæði og árangur verkefnisins.

Eru innri eða ytri úttektir ráðgerðar?

8. Forsendur/áhættugreining.

Hvaða skilyrði/aðstæður þurfa að vera til staðar eða haldast stöðug svo markmið verkefnisins náist.

Hvaða utanaðkomandi þættir/atburðir gætu tafið eða komið í veg fyrir árangur.

9. Kynningarstarf á Íslandi.

Lýsið kynningaráformum.

⁷ Á fyrst og fremst við um þróunarverkefni.



B) Tímaáætlun

Tíma áætlun

	Fyrsta ár				Annað ár			
	Jan-mars	apr--júní	júlí-sept	okt-des	jan-mars	apr--júní	júlí-sept	okt-des	
Aðgerða listi									
Árangri/afrakstri náð									

C) Fjárhagsáætlun



		Eining*)	Magn "ár"	Magn "ár"	Magn "ár"	Kostnaður/ einingu	kostnaður "ár"	kostnaður "ár"	kostnaður "ár"	Samtals
Starfsmannahald við framkvæmd verkefnis - á staðnum	Sérfræðingar Ráðgjafar Ferðakostnaður									
Efni og tæki (listar)	Aðföng Byggingar									
Þjálfun	Starfsfólk Markhópur									
Annar kostnaður	Rekstrarkostnaður Skrifstofukostnaður Rafmagn Sími/internet Bankakostnaður									
Úttekt/rýni										
Kynningarstarf										
Samtals beinn kostnaður										
Óbeinn kostnaður*)										
% af beinum kostnaði										
Heildar kostnaður										
Styrkbeiðni til SFF										

*) eftirlit íslensku samtakanna, endurskoðun reikninga oþh.

D)Rökrammi

Lýsing	Mælistikur	Eftirfylgni	Forsendur/áhætta
Þróunarmarkmið			
Verkefnismarkmið			



Væntanlegar afurðir (listi)			

Aðgerðir/framkvæmdir (listi sbr. afurðir)	Kostnaðar þættir (ath. dæmi en ekki tæmandi listi)



Viðauki nr. 3 Samningur

Samningur

Styrkur til: “nafn verkefnis”

<Utanríkisráðuneytið, kt. 670269-4779, Rauðarárstíg 25, Reykjavík/ Þróunarsamvinnustofnun Íslands, kt. 701281-0399, Þverholti 14, Reykjavík>, og <Styrkþegi, heimilisfang, kt.> gera með sér eftirfarandi samning:

Með tilvísun í umsókn <Styrkþegi> frá <dags.>, ásamt meðfylgjandi verkefnisskjali dagsettu <dags.>, um styrk til ofangreinds verkefnis (hér eftir nefnt verkefnið).

<Utanríkisráðuneytið/Þróunarsamvinnustofnun Íslands (Utn/ÞSSÍ) > hefur ákveðið að veita styrk til verkefnisins á tímabilinu <XX-XX>. Megintilgangur (þróunarmarkmið) og markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

Þróunarmarkmið (e. goal): <lýsing skv. verkefnisskjali>

Sértækt markmið (e. purpose): <lýsing skv. verkefnisskjali>

Þótt <styrkþegi> feli þriðja aðila að annast framkvæmd verkefnisins breytast reglur og skilmálar gagnvart styrkþega ekki.

Styrkurinn er veittur með eftirfarandi skilyrðum:

1. gr.

Styrkurinn

Styrkurinn skal eingöngu notast til fjármögnunar verkefnisins, samkvæmt lýsingu og fjárhagsáætlun í verkefnisskjalinu. Við verkefnislök skulu ónotaðir fjármunir, þ.á m. uppsafnaðir vextir, endurgreiðast til <Utn/ÞSSÍ> nema sérstakur samningur hafi verið gerður um ráðstöfun þessara fjármuna.

2. gr.

Kostnaðarskipting

<Utn/ÞSSÍ> munu leggja til <XX> og <styrkþegi XX> af kostnaðinum. Framkvæmd verkefnisins er á ábyrgð <styrkþega>. Ef kostnaður við framkvæmd verkefnisins verður meiri en að framan greinir er það alfarið á ábyrgð <styrkþega>.

3. gr.

Greiðslufyrirkomulag

Styrkurinn verður greiddur við [undirskrift sammings þessa / [og] eftir samþykkt <Utn/ÞSSÍ> á árlegri greiðslubeiðni]. Árlegri greiðslubeiðni skulu fylgja framvinduskýrsla (e. progress report) og reikningar verkefnisins (e. financial statement) skv. nánari ákvæðum í 4. grein. <Styrkþegi> skal án tafar staðfesta móttöku styrkuppþæðar með skriflegum hætti. Móttökudagsetning skal tilgreind. <Almennt viðmið er að styrkir séu veittir í íslenskum krónum. Sé styrkurinn hins vegar veittur í erlendri mynt áskilur <UTN/ÞSSÍ> sér rétt til að endurskoða fjárhæð greiðslu hverju sinni í ljósi breytinga á gengi viðkomandi myntar>.

4. gr.

Skýrslur og reikningar



4.1

Fyrir <frestur dags.> skal <styrkþegi> skila [framvinduskýrslu/lokaskýrslu] sinni vegna verkefnisins. Skýrslur skulu innihalda upplýsingar um framkvæmd verkefnisins, afurðir (e. outputs), útkomu (e. outcome) og árangur við að uppfylla markmiðin sem tilgreind eru í verkefnisskjalinu. Útskýra skal frávik frá verk- og/eða fjárhagsáætlun og greina frá vandamálum ef þau hafa komið upp.

4.2

Fyrir <mmm.áá/og árlega> skal <styrkþegi> skila árituðum reikningum til <Utn/ÞSSÍ> fyrir <tímabilið>, sem sýni tekjur og útgjöld verkefnisins. Reikningarnir skulu sundurliðaðir á sama hátt og í fjárhagsáætlun verkefnisskjalsins. Reikningarnir skulu áritaðir af ábyrgðarmanni <styrkþega>. <Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum þegar upphæð styrks/framlags fer yfir ákveðna upphæð sem tilgreind er í verklagsreglum>.

4.3

<Styrkþegi> skal skila til <Utn/ÞSSÍ> endurskoðuðum ársreikningum félagasamtakanna á styrktímabilinu. [Ákvæði þetta gildir ekki um samstarf við ráðuneyti í öðrum löndum.]

5. gr.

Upplýsingaskylda

<Styrkþegi> skal án tafar tilkynna <Utn/ÞSSÍ> skriflega um aðstæður sem hindra eða gætu hindrað árangursríka framkvæmd verkefnisins.

6. gr.

Eftirlit

<Utn/ÞSSÍ> áskilur sér rétt til að senda fulltrúa sinn í vettvangsheimsókn vegna þessa samnings og skoða gögn, eigur og skjöl sem varða verkefnið.

<Utn/ÞSSÍ> áskilja sér rétt til að láta fara fram sjálfstæða skoðun á framvindu og fjárreiðum verkefnisins, samanber 7. grein laga nr. 86/1997 sem veitir Ríkisendurskoðun heimild til að krefjast reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og til að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé til þess m.a. að meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt, sbr. 2 mgr. 9. gr. sömu laga.

**7. gr.****Góðir starfshættir**

Aðilar skuldbinda sig til að starfa samkvæmt samþykkt Evrópuráðsins gegn spillingu ([Civil Law Convention on Corruption CETS No. 174](#)) og sambærilegum ákvæðum í siðareglum <Utn/ÞSSÍ>.

8. gr.**Riftun samnings og stöðvun greiðslna**

<Utn/ÞSSÍ> hefur rétt til að rifta samningi, stöðva greiðslur og/eða krefjast endurgreiðslna á hluta eða öllum styrknum:

- Hafi fullnægjandi skýrslum ekki verið skilað skv. ákvæðum 4.1 – 4.3 og 5. gr.
- Hafi niðurstaða skoðunar leitt í ljós að fjármálastjórn/reikningskilum er ábótavant.
- Hafi <Utn/ÞSSÍ> eða Ríkisendurskoðun ekki verið veittur fullnægjandi aðgangur að gögnum.
- Hafi verið brotið gegn 7. gr. um góða starfshætti.
- Vegna staðfests gruns um sviksamlegt eða spillt hátterni af hálfu fulltrúa <styrkþega> eða annarra aðila (e. beneficiaries) við framkvæmd verkefnisins, s.s. við kaup á vörum og þjónustu, hafi ekki verið gripið til viðeigandi ráðstafana af yfirstjórn <styrkþega>.

9. gr.**Force majeure**

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamla, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópshlysa eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum, skulu aðilar meta stöðuna um framhald verksins og ábyrgð hvors aðila skv. samningnum.

10. gr.**Ágreiningur**

Aðilar skulu leitast við að ná sáttum vegna ágreinings um framkvæmd eða túlkun þessa samnings. Dómsmál vegna ágreinings skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11. gr.**Undirskrift**

[Nota þennan texta þegar um bréf er að ræða annars bara undirskrift.] <Vinsamlega staðfestið móttöku þessa bréfs og samþykki þitt á skilmálunum með því að skrifa undir afrit þessa bréfs og senda það til baka til <Utn/ÞSSÍ>>

<Staður, dags.>

f.h. <Utn/ÞSSÍ>

f.h. <styrkþega>

<nafn/titill>

<nafn/titill>



Viðauki nr. 4 Framvindu- og lokaskýrslur

Framvindu-/lokaskýrsla (e. progress-/final report)

Framvinduskýrslum skal skila hálfárslega ef verkefni standa lengur en í eitt ár. Lokaskýrslu er skylt að skila innan 6 mánaða frá lokum verkefnis. Skýrslur þessar skulu vera einfaldar, skýrar og skorinorðar. Ábyrgð á framvindu- og lokaskýrslum er í höndum **framkvæmdaaðila** verkefnisins. Framvinduskýrslur fjalla einkum um þau atriði sem verkefnisstjórnin hefur beina stjórn á, svo sem aðgerðir, afurðir (e. outputs) og fjárútlát. Í lokaskýrslu skal einnig meta árangurinn (e. outcome) og þann lærdóm sem má draga af framkvæmd verkefnisins.

Framvinduskýrsla skal innihalda:

- Forsíðu með verkefnistitli, útgáfudagsetningu, tímabili sem skýrslan spannar og nöfnum skýrsluhöfunda.
- Samanburð á raunverulegum afurðum miðað við áætlanir.
- Samantekt á fjárútlátum samanborið við fjárhagsáætlun.
- Mat á vandamálum og áhættuþáttum, svo sem þeim sem skilgreindir eru í rökrammanum, sem gætu haft áhrif á árangur verkefnisins.
- Mat á nauðsyn þess að uppfæra áætlanir um aðgerðir, aðföng og væntanlegar afurðir, þ.á.m. tillögur um aðgerðir til að lámarga áhættu.

Lokaskýrsla skal innihalda ofantalin atriði og að auki:

- Mat á árangri verkefnisins það er af hve miklu leyti markmiðum þess var náð. Litið er til afrakstursins (e. outcome).
- Mat á áhrifum (e. impact) verkefnisins ef hægt er. Áhrif eru metin sem jákvæðar eða neikvæðar breytingar eða afleiðingar verkefnisins á markhópinn hvort sem þær voru ætlaðar eða ófyrirséðar.
- Mat á sjálfbærni verkefnisins, þ.e. að hversu miklu leyti jákvæðra áhrifa verkefnisins munu gæta áfram eftir lok stuðningsins.
- Samantekt á lærdómi (e. lessons learnt) af framkvæmd verkefnisins.



Viðauki nr. 5 Leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar um umsýslu fjármuna



Leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar

um eftirlit með fjármunum, uppgjöri og áritun endurskoðenda í tengslum við þátttöku Íslands í sameiginlegum þróunarverkefnum á sviði mannúðar og neyðaraðstoðar sbr. 8. gr. laga nr. 121/2008.

1. gr.

Taki Ísland þátt í þróunarsamvinnu, mannúðar- eða neyðaraðstoð, í ríkjum er standa utan OECD eða með frjálsum félagasamtökum þá gerir Ríkisendurskoðun eftirfarandi kröfur til meðferðar og vörslu fjármuna.

1. Gerður skal skriflegur samningur um öll verkefni. Samningnum þarf að fylgja verkefnisskjal þar sem fram kemur lýsing á verkefninu, verkáætlun og greiðsluáætlun. Enn fremur þarf að koma fram ítarleg lýsing á því hvernig greiðslur verði inntar af hendi og hvaða gögn þurfa að fylgja greiðslubeiðni. Samningurinn skal kveða á um heimild til þess að stöðva greiðslur til viðkomandi verkefnis og eftir atvikum krefjast endurgreiðslu eða hætta þátttöku í því, séu ekki gefnar fullnægjandi skýringar á ráðstöfun fjárframlaga til þess.
2. Þegar um er að ræða styrki eða framlög, allt að 15 m.kr., skal samningur innihalda kröfu um framvinduskýrslur og reikningsyfirlit verkefnis. Auk þess skal samningurinn kveða á um heimild stjórnvalda til að kanna eða endurskoða reikninga verkefnisins og/eða láta fara fram sjálfstæða skoðun á framvindu og fjárreiðum verkefnisins.
3. Þegar um er að ræða samning umfram 15 m.kr. skulu greiðslur áfangaskiptar eftir framgangi viðkomandi verkefnis. Að loknum hverjum áfanga skal gert stöðumat þar sem metið er hvort greiðslum hafi verið ráðstafað eins og til er ætlast og að verkefnið hafi fram til þessa skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þetta skal gert áður en næsta áfangagreiðsla er innt af hendi. Samningur skal jafnframt innihalda ákvæði um endurskoðun ársreikninga á vegum hlutaðeigandi stofnunar/samtaka.

Byggi framlög til verkefnis á mati eða áætlunum s.s. verðmat á landi sem lagt er undir verkefni, áætlað verð hráefna, verðmæti vinnuframlags, stjórnunarkostnaður o.s.frv. skal það háð samþykki allra aðila sem þátt taka í viðkomandi verkefni.

4. Reikningsskil samstarfsaðila Íslands skulu endurskoðuð, annað hvort af opinberri endurskoðunarstofnun, sem er aðili að INTOSAI eða endurskoðunarfyrtæki, sem er hluti af alþjóðlegu neti endurskoðunarstofna, og starfar skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (IFAC).
5. Ef framkvæmdaraðili verkefnis er annar en einhver af styrktaraðilum verkefnisins skal ráða sérstakan eftirlitsaðila með verkinu sem er óháður framkvæmdaraðila verksins. Skal hann fylgjast með framgangi þess fyrir hönd þeirra er láta framlög af hendi rakna til verkefnisins og ganga úr skugga um að það fé sem veitt er til verkefnisins sé ráðstafað í þágu þess og í samræmi við samninga þar að lútandi.
6. Að öðru leyti gilda kröfur Nordic Plus um endurskoðun og fjárreiðueftirlit eftir því sem við getur átt hverju sinni.



2. gr.

Framlög Íslands til þróunaraðstoðar mega aldrei renna beint til opinberra starfsmanna erlendra ríkja í því skyni að greiða fyrir eða tryggja að þróunaraðstoð komist til skila, sbr. samþykkt Evrópuráðsins gegn spillingu. (Civil Law Convention on Corruption CETS No. 174)

3. gr.

Framangreindar kröfur eru settar á grundvelli 8. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Ríkisendurskoðun í desember 2009

Samur Þorsson